

Nd.

177. Nefndarálit

[77. mál.]

um frv. til laga um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Líklegt er, að gengishagnaðarsjóður muni nema 420 milljónum. Upphæð þessi er hluti af verðmætum, sem fiskiskip, vinnslustöðvar og fólk, sem vinnur að öflun sjávarafurða, hefur skapað. Þetta fé er því réttmæt eign þessara aðila, en er af þeim tekið með því að greiða afurðirnar í verðminni krónum en gert var ráð fyrir í upphafi. Þessu fé ber því að skila til rétttra aðila eftir þeim leiðum, sem hagkvæmastar eru.

Gera má ráð fyrir, að 93 milljónir fari til þess að fullnægja ákvæðum 1. gr. frumvarpsins. Eru þá eftir 327 milljónir. Samkv. 2. gr. á $\frac{1}{4}$ hluti þess fjár að fara til að greiða tryggingargjöld, $\frac{3}{4}$ hlutar eða ca. 240 milljónir eiga að afhendast Fiskveiðasjóði Íslands til eignar og umráða. Fiskveiðasjóður er eign ríkisins eins og Búnaðarbankinn. Hann hefur ekki aflað þessara verðmæta, og er því um ránsfeng að ræða. Sjómenn munu hafa allt að hálfu minni tekjur árið 1967 en árið 1966. Þeir þurfa að greiða há opinber gjöld frá fyrra ári, sem ógerlegt er fyrir þá að inna af hendi jafnhliða því að sjá fyrir sér og sínum. Allir, sem til þekkja, vita, að hagar sjómanna er mjög þröngur nú og hvergi er lán að fá. Við leggjum því til, að 40 milljónir séu greiddar til sjómanna til að hjálpa þeim yfir tímabundna erfiðleika og greiða fyrir því, að opinber gjöld séu greidd, því að mörg bæjarfélög búa við þröngan fjárhag.

Fjárhagur útgerðarfyrirtækja og fiskvinnslustöðva er mjög þröngur. Ársvextir þessara aðila við Fiskveiðasjóð munu nema 100—120 milljónum. 13 milljónir hafa verið greiddar af vöxtum ársins 1967. Það er ljóst, að vextir og afborganir verða eigi greiddar í Fiskveiðasjóð í ár nema að mjög litlu leyti. Útgerðarmenn vita, að vonlaust er að inna umsamdar greiðslur af hendi, nema afli og verðlag sé mjög hagstætt. Sjávarútvegsnefnd er sammála um, að fiskveiðasjóður þurfi að fá ca. 240 milljónir af fé gengishagnaðarsjóðs. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvort fé þetta á að koma útvegsmönnum og sjómönnum að gagni að einhverju leyti eða hvort á að afhenda það Fiskveiðasjóði til eignar. Fyrir Fiskveiðasjóð er óhagkvæmast, ef skuldunautar hans gefa upp alla von um, að þeir geti staðið í skilum. Fiskveiðasjóður þarf að fá fé til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Um það er enginn ágreiningur. Ágreiningurinn er um það, hvort afla á Fiskveiðasjóði fjár með því að ræna raunverulegri eign sjómanna og útgerðarmanna og skilja þá eftir fjárvana og vonlausu, eða hvort á að leyfa nefndum aðilum að nota það fé, sem þeir hafa ómótmælanlega aflað, til að greiða hluta af skuldavöxtum, svo að þeir glati ekki allri von um að geta staðið í skilum og týni niður viðskiptalegu siðgæði. Við höldum því fram, að síðari leiðin sé hagkvæmari fyrir Fiskveiðasjóð. Illur fengur verður jafnan til lítilla nytja. Við leggjum því til, að 80 milljónum af tekjum gengishagnaðarsjóðs verði varið til greiðslu á vöxtum af stofnlánum útgerðar og fiskvinnslustöðva.

Við leggjum til, að 80 milljónir gangi til Fiskveiðasjóðs vegna ógreiddra erlendra skulda. Hins vegar leggjum við til, að þessi upphæð verði óafturkræf að hálfu. Álitum við það sanngjarnt, því að ekki eiga eigendur þeirra skipa, sem keypt hafa verið erlendis frá, sök á því frekar en aðrir, að gengi íslenzkrar krónu var lækkað. Ástæða er til að ætla, að hagstæðara hafi verið að byggja skipin ytra miðað við óbreytt gengi, og því ekki ástæða til að bæta gengislækkunina að fullu.

Eigi verður um það deilt, að afkoma sjávarútvegsins hefur verið það slæm í ár, að leita þarf áratugi aftur í tímann til að finna hliðstæðu. Það er því ástæðulaust og andstætt stefnu og eðli málsins að taka verulega upphæð í ár frá sjávarútvegi í verðjöfnunarsjóð. Þar er einnig um sérmál að ræða, óviðkomandi gengishagnaði, sem þarf ýtarlegrar athugunar við. Við leggjum því til, að 3. gr. frumvarpsins falli niður.

Alþingi, 18. des. 1967.

Björn Pálsson, Jón Skaftason.
frsm.